

Málþing um sjálfbærni 27. mars 2014

Ávarp Elías Bj. Gíslason



Ráðherra ágætir fundarmenn!

Ég vill byrja á því að bjóða ykkur öll velkominn hingað og þakka ykkur fyrir að vera með okkur hér í dag hvort sem er hér í salnum eða á víðfeðmum öldum internetsins.

Yfirskrift þessa málþings er "Sjálfbærni sem sóknarfæri? Ávinningur - Hindranir - Tækifæri".

I would like to welcome our three international speakers and I'm looking forward hearing what they have to say on the subject at hand and on their experience and vision for the future, and now back to Icelandic.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Ferðamálastofa eða forveri okkar Ferðamálaráð gengst fyrir málþingi um þetta efni. Okkur hefur verið málefnið hugleikið um alla langt skeið og ef minnið er ekki að bregðast mér þá er þetta þriðja málþingið sem við stöndum fyrir á rúmum áratug, auk þess að fjallað hefur verið um efnið á árlegum ferðamálaþingum og það var einmitt eftir Ferðamálaþingið sl. haust sem við fundum fyrir áhuga ferðapjónustuaðila á að endurtaka leikinn. En það er ekki bara að við finnum fyrir auknum áhuga hjá rekstraraðilum heldur er áhugi og þrýstingur gesta okkar sífell að aukast. Því er brýnt fyrir fyrirtæki innan ferðapjónustunnar að taka sér tak og huga að þessum málum að enn meiri krafti og alvöru.

Við höfum lengi vitað að náttúran er og hefur verið okkar helsta aðdráttarafi hvað erlenda gesti varðar. En merking orða og hugtaka getur þvælst fyrir okkur og stundum gætir misskilnings eða mistúlkunar. Þegar hugtakið eða orðið sjálfbærni kom fyrir í fyrstu opinberu stefnumótun stjórnvalda um ferðapjónustu árið 1996, var verið að fjalla um þessi málefni meira eins og gróðurvernd frekar en þá merkingu sem við leggjum í hugtakið í dag.

Fyrir um áratug studdi Ferðamálastofa einar fyrstu rannsóknir sem unnar höfðu verið hér á landi á þolmörkum ferðamannastaða. Í þeim rannsóknum var aðallega verið að horfa til umhverfislegu þáttana. Ferðamálastofa hefur nú nýlega undirritað samkomulag um að halda þessum rannsóknum áfram og í þetta sinn verða teknir fyrir átta vinsælir ferðamannastaðir á Suður- og Vesturlandi. Jafnframt hefur stofnunninn undirritað samkomulag um framkvæmd fjögurra annarra rannsókna er lúta að þolmörkum sem þó eru ekki allar jafn staðbundnar og þær fyrri heldur er þar verið að fjalla um áhrif einstakra þátta ferðapjónustunnar á þolmörk.

Þegar kemur að þolmörkum þá er samfélagslegi þátturinn að verða okkur sífellt hugleknari. Þá bæði hvað ferðamanninn varðar og ekki síður áhrif á heimamenn á hverju svæði fyrir sig sem og okkur Íslendinga sem þjóð. Í viðamikilli könnun sem unnin var fyrir World Economic Forum á síðasta ári kom fram að í þeim 140 löndum sem skoðuð voru vorum við Íslendingar í fyrsta sæti þegar koma að jákvæðu viðhafi íbúa gagnvart erlendum gestum. Þetta kann að vera breytast! Fyrir um ári síðan sat ég fund meðal í búa fámens sveitarfélags þar sem ansi háværar raddir voru á lofti um að þessir ferðamenn gerðu lítið annað en að trufla heimamenn við störf sín svo ekki væri nú talað um hvað áhrif þeir hefðu á umferðina á svæðinu.

Ferðamálastofa hefur í allmörg ár staðið fyrir gerða kannana á meðal Íslendinga um ferðahegðun landans og í nýjustu könnuninni sem var birt í byrjun mars voru svarendur beðnir að taka afstöðu til fimm fullyrðinga um áhrif ferðapjónustu og erlendra ferðamanna á náttúru og samfélag.

- Að mati 59% svarenda hefur ferðapjónusta skapað eftirsóknarverð störf í þeirra heimabyggð.
- 58% eru á því að ferðamenn hafi aukið áhuga Íslendinga á eigin menningu.
- Flestir eða (65%) eru á því að erlendir ferðamenn hafi aukið áhuga Íslendinga á íslenskri náttúru.
- Þá töldu 42% að ferðapjónusta hefði leitt til fjölbreyttari þjónustu sem þeir hefðu nýtt sér.
- En 63% eru jafnframt á því að álag ferðamanna á íslenska náttúru sé of mikið.

Þrátt fyrir þessa jákvæðu umsögn okkar erlendu gesta sem og viðhorf okkar sjálfra til ferðamanna, þá finnst okkur mikilvægt að fylgja þessum rannsóknum eftir. Erum við byrjuð að undirbúa frekari rannsókn á viðhorfum Íslendinga til ferðapjónustu og hvaða mismunandi áhrif hún er að hafa eftir búsetu og þá ekki eingöngu skipt eftir landssvæðum heldur einnig innan einstakra þéttbýlisstaða. Það er ekki bara mikilvægt fyrir atvinnugreinina að viðhorf heimamanna sé jákvætt gagnvart ferðamönnum og atvinnugreininni. Það er einnig mikið í húfi efnahagslega fyrir íslenskt samfélag að gestir okkar upplifi sig sem velkomna og að þeir farið héðan með jákvæðar minningar og upplifanir af heimsókn sinni til Íslands.

Mikilvægt er að ferðapjónustufyrirtæki sýni samfélagslega ábyrgð á þeim svæðum sem þau stunda viðskipti eða hafa viðkomu. Með þessu er átt við að fyrirtækin séu ekki eingöngu þiggjendur, heldur skilji eitthvað eftir sig í formi efnahagslegs og/eða samfélagslegs ávinnings fyrir svæðin. Það verður

áhugavert að heyra á eftir erindi og hugleiðingar Vífils Karlssonar hagfræðings á staðbundnum efnahagslegum áhrifum ferðapjónustunnar.

En það er ekki nóg að skoða og rannsaka. Einnig þarf að koma með verkfæri til að undirbúa, fyrirbyggja og bregðast við. Ferðamálstofa hófst þess vegna handa árið 2009 í góðri samvinnu við SAF, Ferðamálsamtök Íslands og Nýsköpunarmiðstöð að undirbúa gerð og innleiðingu á VAKANUM, gæða- og umhverfiskerfi fyrir ferðapjónustuna. En markmið VAKANS er einmitt að efla gæði og öryggi í ferðapjónustu með handleiðslu og stuðningi, ásamt því að byggja upp samfélagslega ábyrgð.

Sjálfbærni er einn af lykilþáttum VAKANS og þar fá fyrirtæki mikið af hjálpargögnum og verkfærum til að vinna í anda umhverfislegrar, efnahagslegrar og samfélagslegrar sjálfbærni. Rúmlega sextíu fyrirtæki innan ferðapjónustunnar hafa lokið eða eru að vinna að innleiðingu VAKANS og þeim á eftir að fjölga ört á komandi mánuðum þegar síðasti áfanginn verður kynntur þ.e. gistipáttur VAKANS.

Margt hefur því áunnist á undanförunum árum en það er eins með þetta og margt annað að endamarkinu náum við seint heldur erum við sífellt á ákveðinni vegferð og það er vegferð sjálfbærni.

Það verður áhugavert að heyra hvað þeir sem á eftir mér koma hafa að segja og heyra þeirra sýn á Ávinningi - Hindrunum og Tækifærum hvað sjálfbærnina varðar.

Ég vil að lokum kalla hér upp á svið Guðmund Inga Guðbrandsson, framkvæmdastjóra Landverndar, en hann hefur tekið að sér að vera fundarstjóri hér hjá okkur í dag.

Þakka ykkur fyrir og vonandi að þið njótið dagsins og þess sem hér verður fjallað um á eftir.